

**D ó m s o r ð :**

Mál þetta er hafið.

Afrýjendur, Hlöðver Örn Vilhjálmsson og Gunnar Fjeldsted, greiði stefnda, Kristjáni Júlíussyni, 20.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. maí 1976.

Nr. 91/1976. **Ákærvaldið**

gegn

**Hallgrími Pétri Gústavssyni.**

**D ó m e n d u r :**

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

**Dómur Hæstaréttar.**

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Ingibjörg Benediktsdóttir, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Með kæru 1. maí 1976 hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar. Gögn máls bárust Hæstarétti 4. s. m. og greinargerð skipaðs verjanda varnaraðilja 5. s. m. Krefst varnaraðili þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldsvistin verði stytta. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ríkissaksóknara hefur engin greinargerð borist.

Varnaraðili er fæddur í Reykjavík 3. október 1959 og er því aðeins 16 ára gamall. Samkvæmt sakavottorði hans, dags. 5. þ. m., hefur hann ekki sætt frekari refsíðómum en greinir í hinum kærða úrskurði, og brot þau, sem honum eru nú gefin að sök og þar eru rakin, hefur hann viðstöðulaust viðurkennt utan eitt, innbrot í hús í Skerjafirði 17. f. m.

Þegar litið er til brotaferils varnaraðilja, er rétt, að hann sæti gæsluvarðhaldi, sbr. 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974, en með hliðsjón af því, sem að framan getur, þykir gæsluvarðhaldstími hans hæfilega ákveðinn allt að 20 dögum frá 1. maí 1976 að telja.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti máls varnaraðilja.

Það athugast, að eigi sést, að við rannsókn máls þessa hafi verið gætt ákvæða 2. mgr. 19. gr. laga nr. 53/1966.

### D ó m s o r ð :

Varnaraðili, Hallgrímur Pétur Gústavsson, sæti gæsluvarðhaldi allt að 20 dögum frá 1. maí 1976 að telja.

### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 1. maí 1976.

Ár 1976, laugardaginn 1. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau, að fimmtudaginn 29. f. m. var tilkynnt um innbrot og þjófnað úr geymslu í húsi einu hér í borg. Stolið hafði verið myndavél, matvælum o. fl.

Kærði, Hallgrímur Pétur Gústavsson, hefur í dag játað hjá rannsóknarlögreglunni og fyrir dómi að hafa verið þar að verki. Enn fremur hefur kærði játað að hafa átt þátt í þrem innbrotum í einbýlishús í Skerjafirði, en í öll skiptin var stolið áfengi. Kærði hefur hins vegar neitað að hafa tekið þátt í innbroti í fyrrgreint hús, er átti sér stað þann 17. f. m., en hann er grunaður um að hafa verið þar að verki.

Kærði hefur og viðurkennt að hafa falsað 6—7 ávísanir úr ávísanaheftinu, en fyrrgreindum ávísanaheftum (sic) stal kærði ásamt öðrum manni í fyrirtæki einu hér í borg. Aðeins ein þessara ávísana er komin fram.

Hallgrímur Gústav hefur 15 sinnum verið kærður fyrir þjófnaði. Þann 26. mars sl. var hann dæmdur í 5 mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir brot á 217. og 244. gr. hegningarlaga.

Kærði er sakaður um brot gegn XXVI. og XVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og getur brot hans því varðað hann fangelsisrefsingu. Er því skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 fullnægt.

Með hliðsjón af framansögðu svo og vísan til 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir nauðsynlegt að úrskurða kærða í gæsluvarðhald. Gæsluvarðhaldstími ákveðst allt að 30 dögum.

**Úrskurðarorð:**

Kærði, Hallgrímur Pétur Gústavsson, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum.

Mánudaginn 10. maí 1976.

Nr. 61/1976. **Bergur Lárusson**

gegn

**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs,  
Samgönguráðherra vegna Vegagerðar  
ríkisins og bæjarstjóranum í Kópavogi f. h.  
Kópavogskaupstaðar.**

**Dómenndur:**

**hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.**

Kærumál. Samlagsaðild. Frávísun.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með kæru 8. mars 1976, sem Hæstarétti barst 19. s. m., hefur sóknaraðili með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið til Hæstaréttar frávísunardómi bæjarþings Kópavogskaupstaðar, uppkveðnum 26. febrúar 1976. Krefst hann þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðilja „fyrir héraðsdómi og Hæstarétti“.

Varnaraðili bæjarstjórninn í Kópavogi f. h. Kópavogskaupstaðar krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Varnaraðiljar fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og sam-